

## FRÁRENNSLISKERFI:

### PIPUR Í FRÁRENNSLISKERFI.

#### Grunnlagnir.

FrárennslispiPUR innan og utan grunns skulu vera úr PVC (grunnplast) og skulu vera viðurkenndar til notkunar í jörð.

Samsetningar séu með múffum og gúmmihringjum.

Frágangur og fylling kringum piPUR skal vera í samræmi við íslenskan staðal, IST 65.

#### Innanhúslagnir.

FrárennslispiPUR innanhúss skulu vera úr PP plast-rörum frá viðurkenndum framleiðendum og samsetningar með múffum og gúmmihringjum.

#### Einangrun.

Frárennslislagnir innanhúss skal einangra með 25 mm steinullarmottum, vefja utan um hana tvöföldum sísalpappa með álhúð og líma samskeyti saman með limbandi.

#### Stútar út úr vegg.

Þar sem piPUR koma út úr veggjum eða upp úr gólfum og teki verða tengd við, skal vera ca. 1 cm rauf milli piPunnar og veggins eða veggklöðningarrinnar. Í þessa rauf skal setja tröð og loka henni við ytri brún veggjar með polyuretankitti (t.d. Sikaflex 1A).

Alla stúta út úr vegg innanhúss skal staðsetja nákvæmlega skv. málsetningum teikninga. Eftir að gengið hefur verið frá réttri staðsetningu á múffu út úr vegg, skal stútnum lokað með þéttu plastloki, sem þéttist með gúmmihringjum eftir að sannprófað hefur verið, að allar leiðslur séu hreinar og í fullkomnu lagi.

Aldrei má skola af áhöldum eða vélum ofan í frárennslislögn.

LÖGN OG FRAGANGUR SKAL FARA EFTIR VIDBIGANDI REGLUG.

#### Profanir á piPUR.

PiPUR í frárennsliskerfi skal prófa fyrir stíflum og þéttleika í samræmi við íslenskan staðal.

#### Stútar upp úr plötu.

Eftir að gengið hefur verið frá réttri staðsetningu á múffu með efri brún múffu í sömu hæð og óþussu plata er og áður en tengingar við teki eru framkvæmdar, skal stútnum lokað með t.d. krossviðslöki og síðan skal múrað yfir lokið með veikri mürblöndu eftir að sannprófað hefur verið að allar leiðslur séu hreinar og í fullkomnu lagi.

Aldrei má skola af áhöldum eða vélum niður í frárennslislögn.

#### Brunnar og niðurföll.

Brunnar eru 100 cm eða 80 cm í þvermál eins og upp er gefið á teikningum. Brunnarnir skulu byggðir upp úr brunnhlutum frá PiPugerð Reykjavíkurborgar og skal efsti hluti brunnsins vera keilulaga toppstykki með steypujárnsloki, nema annað sé tekið fram, sem koma skal í endanlegan yfirborðskóta.

Botn regnvatnsbrunna skal vera sléttur og vera a.m.k. 30 cm undir neðsta röri, sem kemur í brunninn.

Botn holræsabrunna skal steypdur með formuðum rásum og skal neðsti hluti þeirra vera eins og sundurskorið rör. Halli frá brunnhliðum að botnrásum skal vera minnst 200 o/oo.

Niðurföll eru gerð úr lóðréttum 250 mm steinsteypnum rörum með steypujárnsriat í steypujárnsramma, sem steypist fastur við rörið með sandsteypu. Neðst er 20 cm sandfang.

## NEYSLUVATNSKERFI:

### PIPUR Í NEYSLUVATNSKERFI.

Öll rör innanhúss, nema annað sé tekið fram, skulu vera galvaniseruð rör skv. DIN 2440. Tengistykki skulu vera af samþærilegum gæðum.

Rör utanhúss fyrir kalt vatn skulu vera úr PEH plasti frá Reykjalundi eða samsvarandi, gerð fyrir a.m.k. 10 kg/sm<sup>2</sup> vinnubrýsting. Plastlagnir í jörð skulu vera í minnst 120 cm dýpi frá jarðyfirborði.

Lagnir skulu vera í samræmi við vatnslagnastaðal IST 67.

#### Einangrun.

Nota skal 20 mm glerullarhólka af viðurkenndri gerð. Einangrunarhólka skal vefja með plasttrimli og líma öll samskeyti vandlega saman.

#### Afréttir stútar.

Afréttir stútar eru allir stútar út úr vegg til tengingar við teki. Stútararnir skulu festast tryggilega og ná mátulega langt út fyrir endanlegan vegg.

Lagnir út úr plötuklæðningu skal losa frá með ca. 3 mm breiðri rauf, sem skal við endanlegan veggfrágang fyllast með teygjanlegu þanefni.

#### Þrýstiprófun.

Neyslúvatnslögnin skal prófuð með 10 kg/cm<sup>2</sup> vatnsþrýsting áður en samskeyti eru einangruð og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla og án þess að samskeyti smiti.

Við ofangreinda prófun skal verktaki kalla eftirlitsmann verkkaupa á vettvangi í byrjun og lok prófunarinnar og skal hann taka kerfið út og samþykkja prófunina. Verktaka ber að sjá um úttekt byggingarfulltrúa á prófunum þessum.

ALLT EFNI, LÖGN, PRÓFUN OG FRAGANGUR SKAL VERA SAMKV. AKVÆÐUM STADALS IST 67 OG BYGGINGARREGLUGERD.

## HITAKERFI:

### PIPUR Í HITAKERFI.

Öll rör í ofnakerfi skulu vera venjuleg svört rör, skv. DIN 2440. PiPUR skal hreinsa vandlega og mála með ryðvarnarmálningu. Tengistykki skulu vera af samsvarandi gæðum.

Allar piPUR í gólfhitakerfi skulu vera hitaþolnar plastpiPUR, Wirabo-Pex eða samsvarandi, og skulu þola allt að 90°C við 6 kp/cm<sup>2</sup> þrýsting. Engin samskeyti mega vera á innsteyptri lögn.

Allar piPUR í snjóbræðslukerfi skulu vera plastpiPUR, 25 mm af viðurkenndri gerð og ætlaðar til notkunar í snjóbræðslu. Þær skulu þola allt að 90°C við 4 kp/cm<sup>2</sup> þrýsting og vera frostþolnar.

Lagnir skulu vera í samræmi við vatnslagnastaðal IST 67.

#### Einangrun.

Nota skal 20 mm glerullarhólka afviðurkenndri gerð. Einangrunarhólka skal vefja með plasttrimli og líma öll samskeyti vandlega saman.

#### Ofnar.

Ofnar skulu vera í samræmi við IST 69.1.

Allir ofnar skulu hengdir á örugg veggghengi og skal frágangur þeirra gerður í samráði við verkkaupa. Athuga skal vel að ofnar séu rétt staðsettir.

Sjálfvirkir ofnlokar koma á alla ofna, samþærilegir við ofnloka frá Danfoss. Gerð og staðsetning ofnloka kemur fram á rúmmynd. Stillingu skal lesa í þeirri stöðu, sem gefur besta nýtingu vatns miðað við eðlilegan herbergishita við mesta álag.

Á öllum ofnum skulu vera stillití, svo og loftskrúfur.

#### Stilling hitakerfis.

Verktaki skal stilla rennsli milli ofna á stillitímum, þannig að allir ofnar hitni jafn vel.

Eftir að hitakerfið hefur verið þrýstireynt og stillt skal það skolað vandlega út.

#### Profanir á leiðslum.

Ofnakerfi skal þrýstiprófað með 8 kg/cm<sup>2</sup> vatnsþrýsting áður en samskeyti eru einangruð og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal hvort nokkuð smit sé á leiðslum með samskeytum.

Gólfhitakerfi skal þrýstiprófað með 6 kg/cm<sup>2</sup> vatnsþrýsting áður en það er steyp inn og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla. Engin samskeyti mega vera á innsteyptri lögn.



Snjóbræðslukerfi skal þrýstiprófað með 2 kg/cm<sup>2</sup> vatnsþrýsting áður en lögn er hulin sandi og skal þrýstingurinn standa í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal hvort nokkuð smit sé á leiðslum með samskeytum.

Við ofangreindar prófanir skal eftirlitsmaður verkkaupa kallaður á vettvangi í byrjun og lok prófunarinnar og skal hann taka kerfið út og samþykkja prófunina.

Verktaka ber að sjá um úttekt byggingarfulltrúa á prófunum þessum.

ALLT EFNI, LÖGN, PRÓFUN OG FRAGANGUR SKAL FARA EFTIR AKVÆÐUM REGLUGERDAR UM HITALAGNIR Í REYKJAVÍK.

## SKÝRINGAR:



LINDARBERG 60 OG 62 Hafnarfirði.

BR.	DAG.	BREYTING	PRIFA- OG HITAKERFI, SKÝRINGAR.		
<b>JÓN KRISTJÁNSSON</b> BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR FVFÍ FÍFUSELI 11 - 109 REYKJAVÍK - Sími 78731			REYKJAVÍK, Þ. 1.6.1990 TEIKN. JK REIKN. JK ATH. SAMP.	KVARDI ENGINN VERK BL. NR. BR.	7 2-01